

## Fundargerð

31. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 21. desember 2012 kl. 13:30 að Borgartúni 12 - 14.

Mættir:

**Reykjavík:**

Páll Hjaltason og Júlíus Vífill Ingvarsson

**Kópavogsbær:**

Kristinn Dagur Gissurarson og Margrét Júlía Rafnsdóttir

**Hafnarfjarðarbær:**

**Garðabær:**

Stefán Konráðsson og Steinþór Einarsson

**Mosfellsbær:**

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Gunnarsson

**Seltjarnarnesbær:**

Ólafur Egilsson og Ragnhildur Ingólfssdóttir

**Sveitarfélagið Álftanes:**

Kristinn Guðlaugsson og Guðmundur G. Gunnarsson

**Kjósarhreppur:**

G. Oddur Víðisson

Ennfremur sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður, Páll Hjaltason setti fund og stýrði.

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Fundargerðin lögð fram og samþykkt án athugasemda.

**2. Svæðisskipulagsbreyting - Holtsgöng og aukið byggingarmagn á svæði nr. 5 - sent Skipulagsstofnun til staðfestingar**

Hrafnkell skýrði frá að frá síðasta fundi hefðu öll sveitarfélög samþykkt breytinguna á svæðisskipulaginu. Breytingartillagan sé nú í meðferð skv. 3. mgr. 25. gr skipulagslaga 123/2010 og hefur verið send til Skipulagsstofnunar til staðfestingar. Einnig hefur niðurstaðan verið auglýst og send þeim sem gerðu athugasemdir.

*Umræður:*

Ólafur Egilsson og Ragnhildur Ingólfssdóttir gerðu grein fyrir samþykkt og bókunum í bæjarstjórn Seltjarnarness við afgreiðslu svæðisskipulagsbreytingarinnar hinn 12. þ.m. svohljóðandi:

*"Tekið fyrir erindi Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins dags. 27.10.12 sem sendir breytingartillögu að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Holtsgöng, breytingar á gatnaskipulagi og breytingar á byggingarmagni á byggðasvæði 5, innkomnar athugasemdir og álit fagráðs til afgreiðslu í sveitarstjórnnum skv. 2. mgr. 25. greinar skipulagslaga.*

*Borin er upp til samþykktar: „Bæjarstjórn gerir ekki athugasemd við tillögu að breyttu Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 vegna Holtsgangna og byggingamagns á byggingarreit 5. Samþykkt með 5 atkvæðum, ÁH, LBL, SES, AE og SB einn sat hjá BTÁ.*

## Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

*Vegna óvissu um þróun byggðar við Landspítala, á flugvallarsvæðinu og í vesturbæ Reykjavíkur norðanvert er miklum vandkvæðum bundið að áætla hvernig umferð muni þróast um þær samgönguæðar gegnum höfuðborgarsvæðið sem mesta þýðingu hafa fyrir íbúa Seltjarnarness. Á þetta bæði við venjulegar aðstæður og einnig ef kemur til náttúruhamfara eða annars konar hættuástands er krefst skjótrar hóprýmingar. Af þessum ástæðum þykir bæjarstjórn orka tvímælis að Holtsgöng verði felld út af skipulagi. Þessar fyrirætlanir Reykjavíkurborgar kalla enn frekar á skoðun á því á hvern hátt umferðarflæði til og frá höfuðborginni til og frá suðri verður háttað í framtíðinni, sérstaklega með tilliti til öryggis- og rýmingarsjónamiða fyrir íbúa Seltjarnarness. Ásgerður Halldórsdóttir (sign), Lárus B. Lárusson (sign), Sigrún Edda Jónsdóttir (sign), Árni Einarsson (sign) og Sigurþóra Bergsdóttir (sign).*

*Bókun frá BTÁ: „Í ljósi þess hversu mörgum spurningum er enn ósvarað varðandi umhverfi Hringbrautar og hins nýja Landspítala hefði undirritaður kosið að Holtsgöngum væri enn haldið inni í kynntu Svæðisskipulagi. Enn er alls óvíst með framtíð flugvallarins sem og áhrifa af flutningi miðstöðvar Strætó bs í Vatnsmýrina. Réttara væri að halda Holtsgöngum væri enn haldið inni í kynntu Svæðisskipulagi. Enn er alls óvíst með framtíð flugvallarins sem og áhrifa af flutningi miðstöðvar Strætó bs í Vatnsmýrina. Réttara væri að halda Holtsgöngum inni þar til betri forsendur væru til staðar fyrir allt svæðið í heild. Bjarni Torfi Álfþórsson (sign).*

Páll Hjaltason benti á að í sumum tilvikum snertu breytingar á svæðisskipulaginu mestmegnis eða eingöngu tvö bæjarfélög svo sem hér væri og þá eðlilegt að þau ráðguðust sérstaklega sín í milli. Náð samráð yrði haft við Seltjarnarnes um þróun þeirra bæjarhverfa í vesturhluta Reykjavíkur sem umferð til og frá Seltjarnarnesi er háð.

Einnig kom fram í umræðum að í mörgum sveitarstjórnnum hafi málið verið umdeilt og bókuð hafi verið andstaða þó meirihlutinn hafi samþykkt breytinguna. Nokkrar umræður urðu um hvort nefndin ætti ekki að taka erindi sveitarstjórna til umfjöllunar áður en erindið væri sent til Skipulagsstofnunar. Bent var á að nefndin hefði afgreitt erindið til samþykktar skv. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem aftur hefðu svo samþykkt skipulagsbreytinguna þó ýmsar aðrar bókanir hafi verið gerðar.

Samþykkt var að framvegis verði nefndarfulltrúm send samantekt á afgreiðslu sveitarstjórnar þegar mál eru afgreidd áfram.

### **Niðurstaða:**

*Umræðum vísað til endurskoðunar á starfsreglum svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins.*

### **3. Umsögn fagráðs vegna erindi Garðabæjar um tillögu að friðlýsingu Búrfells og Búrfellshrauns og stofnun fólkvangs.**

Hrafnkell fór yfir umsögn fagráðs svæðisskipulagsnefndar og skýrði frá að niðurstaða fagráðsins væri að friðlýsingaráform í Garðabæ falli vel að markmiðum svæðisskipulagsins og að svæðisskipulaginu hefði ekki verið breytt þó svæði á höfuðborgarsvæðinu hafi fengið friðlýsingu.

### **Niðurstaða:**

*Svæðisskipulagsnefnd samþykkir umsögn fagráðs.*

### **4. Umsögn fagráðs vegna erindi Mosfellsbæjar um kynningu á tillögu að aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011 - 2030 sbr. 2. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Hrafnkell fór yfir umsögn fagráðs svæðisskipulagsnefndar og skýrði frá að niðurstaða fagráðsins væri að tillaga að aðalskipulagi Mosfellsbæjar falli vel að markmiðum svæðisskipulagsins. Jafnframt kom fram að Skipulagsstofnun hefur farið fram á að

## Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

umsögn svæðisskipulagsnefndar liggi fyrir áður en Mosfellsbær fær heimild til að auglýsa aðalskipulagstillöguna.

*Umræður.*

Í umræðum um tillöguna var bent á annmarka þess þegar gildistími áformaðs aðalskipulags fer fram yfir gildistíma svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. nefndin telur mikilvægt að sveitarfélögin stefni að samræmi í þessu efni.

**Niðurstaða:**

*Svæðisskipulagsnefnd samþykkir umsögn fagráðs.*

### 5. Umsögn fagráðs vegna erindi Kópavogs um kynningu á tillögu að aðalskipulagi Kópavogs 2012 - 2024.

Hrafnkell fór yfir umsögn fagráðs svæðisskipulagsnefndar og skýrði frá að niðurstaða fagráðsins væri að miðað við þá hefð sem myndast hefur um túlkun á bindingu svæðisskipulagsins kalli tillagan á breytingu á svæðisskipulagi. Fagrád telur engu að síður mikilvægt að fá úr því skorið með samræðum Skipulagstofnunnar og Svæðisskipulagsnefndar hvernig túlka beri bindingu svæðisskipulagsins.

**Niðurstaða:**

*Svæðisskipulagsnefnd samþykkir umsögn fagráðs.*

### 6. Endurskoðun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

Hrafnkell greindi frá því að ekki hafi gefist tími til að vinna að verkefnisáætlun fyrir endurskoðun eins og gert var ráð fyrir í tímaáætlun svæðisskipulagsnefndar frá september. Ástæða dráttarins er að mikill tími hafi farið í að fylgja eftir ákvörðunum síðasta fundar sem sneru að breytingum á svæðisskipulaginu og gerð ofangreindra umsagna. Fram kom að hætta væri á að ef aðalskipulagstillögur sveitarfélga hefðu í för með sér að gera þyrfti nokkrar breytingar á svæðisskipulaginu á næsta ári væri hætta á að það bitnaði á endurskoðun svæðisskipulagsins sem að er stefnt og hún drægist á langinn.

Einnig greindi Hrafnkell frá fundi sem hann átti með Stefáni Thors og Hafdísí Hafliðadóttur á Skipulagsstofnun. Þar var m.a rætt um bindingu núgildandi svæðisskipulags og hugsanleg vikiörk frá skipulagstölum. Fram kom að Skipulagsstofnun álitur að það þurfi breytingu á svæðisskipulagi til að heimila vikiörk frá þeim skipulagstölum sem eru í gildandi svæðisskipulagi.

Í máli Hrafnkels kom fram að það væru þrír möguleikar á meðan endurskoðun svæðisskipulagsins stendur yfir.

- Takast á við hverja og eina breytingu samhliða öllu endurskoðunarferlinu.
- Gera eina umfangsmikla breytingu nú þar sem svæðisskipulagið er aðlagð að nýjum skipulagslögum. Nokkurskonar millistig þar til heildarendurskoðun er lokið.
- Samþykkja vinnureglur um frávik og auglýsa þær með þeirri breytingu sem þegar er í ferli vegna endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur.

**Niðurstaða:**

*Svæðisskipulagsnefnd felur fagráði og framkvæmdanefnd að fara yfir þá kosti sem eru í meðferð gildandi svæðisskipulags á þeim tíma unnið verði að endurskoðun. Fagrád skal hafa til hliðsjónar að gefa þurfi olnbogarými til að unnt sé að vinna markvísst að endurskoðun án þess þó að núgildandi svæðisskipulag missi gildi sitt sem stjórntæki með hliðsjón af heildarsýn þar til nýtt svæðisskipulag tekur gildi.*

## **Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins**

### **7. Önnur mál.**

Kristinn Guðlaugsson kvaddi sér hljóðs og vakti athygli á að þetta væri síðasti fundur fulltrúa Álftaness, hans og Guðmundar G. Gunnarssonar þar sem Garðabær tekur yfir stjórnsýslu Álftanes um áramótin. Þeir óska svæðisskipulagsnefnd velfarnaðar í því verkefni að endurskoða svæðisskipulagið.

Svæðisskipulagsnefnd þakkar Kristni og Guðmundi samstarfið.

Fleira ekki gert, næsti fundur boðaður þann 11. janúar 2013. Fundi slitið kl. 15:45.